

**13. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, fimmtudaginn 8. október 2015  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi og Árni Traustason byggingafulltrúi eru viðstaddir í gegnum fjarfundarbúnað.

Sigurvin Hreiðarsson vísar fund undir lið 2.

**Dagskrá:**

**1. 1509075 - Aðstaða fyrir nótaþvottastöð**

Tekið fyrir erindi frá Kjartani Jakobi Haukssyni fyrir hönd Ísfells ehf og Fiskeldisþjónustunnar ehf, dagsett 6. október 2015. Í erindinu er óskað eftir lóð innan hafnarsvæðis Tálknafjarðarhafnar fyrir nótaþvottastöð og tengda starfsemi. Óskað er eftir aðstöðu og byggingareit fyrir allt að 300 m<sup>2</sup> byggingu á ytri enda hafnarinnar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar frekari upplýsinga. Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum um hvernig hreinsun frárennslisvatns verði háttáð m.t.t. sóttvarna sem og hvernig losun á fastefnum verði, áætlað magn o.s.frv. Umfang bygginga, sem og rökstuðning fyrir umbeðnu staðarvali.

**2. 1510027 - Umsókn um stöðuleyfi - Norður Botn**

Erindi frá Mikael Traustasyni f.h. Arctic Smolt ehf., seiðaeldisstöð í Norður-Botni, Tálknafirði. Í erindinu er annars vegar sótt um stöðuleyfi fyrir 20feta gám(rafstöð) við tengimannvirki í 6 mánuði og hinsvegar stöðuleyfi fyrir 3 gámaeiningum til stækkunar á núverandi starfsmannarými í 36 mánuði. Erindinu fylgja yfirlitsmyndir er sýna fyrirhugaða staðsetningu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis fyrir gám undir rafstöð í 6 mánuði. Nefndin samþykkir veitingu stöðuleyfis til 12 mánaða fyrir 3 gámum til viðbótar við starfsmannarými með vísan til gr.2.6.1 byggingarreglugerðar nr.112/2012 en þar segir að stöðuleyfi skulu að hámarki gefin út til 12 mánaða nema ákvæði skipulags kveði á um annað.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.**

---

---

---

---

---

---

---

---